



Samkeppniseftirlitið
Borgartúni 26
125 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2014

Efni: Samkeppnisstaða Reiknistofu bankanna hf. á upplýsingatæknimarkaði

Vísað er til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins (SE) í máli nr. 14/2012: „Undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna hf. (RB) og samruni við Teris.“

Með sátt í ofangreindu máli undirgengust aðilar ítarleg skilyrði sem áttu m.a. að tryggja að önnur upplýsingatæknifyrirtæki gætu boðið fjármálafyrirtækjum þjónustu sína í samkeppni við RB.

Í fréttatilkynningu frá SE vegna málsins segir m.a. að neðangreind skilyrði hafi verið sett:

*„Áskilið er að Reiknistofan sé rekin sem sjálfstætt fyrirtæki á eðlilegum arðsemisgrundvelli. Þannig eiga keppinautar á fjármálamarkaði að geta treyst því að sértækir hagsmunir eigenda Reiknistofunnar skapi ekki aðgangshindranir. **Um leið eiga keppinautar Reiknistofunnar að geta treyst því að Reiknistofan keppi á eðlilegum rekstrarforsendum** (feitltrun undirritaðs).*

*Upplýsingatæknifyrirtækjum er opnuð gátt til þess að keppa við Reiknistofuna um viðskipti við fjármálafyrirtæki. **Þetta er gert með því að skylda fjármálafyrirtæki sem eru hluthafar í Reiknistofunni til þess að framkvæma ávallt útboð eða verðkönnun þar sem leitað er hagstæðustu kjara við kaup á upplýsingatækniþjónustu** (feitltrun undirritaðs). Fjármálafyrirtæki skulu setja sér ítarlegar verklagsreglur um þetta, tilnefna sérstaka tengiliði fyrir upplýsingatæknifyrirtæki og halda lista yfir seljendur sem boðið hafa þjónustu.*

*Komið er í veg fyrir að mismunandi skattaleg meðferð á upplýsingatækniþjónustu hafi áhrif á það hverjir geti keppt um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þannig skal verkkaupi, þ.e. fjármálafyrirtæki í hluthafahópi Reiknistofunnar, **skilgreina strax í upphafi hvernig meðferð virðisaukaskatts af þjónustunni skuli háttáð, óháð því hver verksejandinn er** (feitltrun undirritaðs).“*

Í ákvörðun SE er jafnframt kveðið á um viðvarandi eftirlit með skilyrðunum. Þannig skuli tilnefna óháðan kunnáttumann til að hafa eftirlit með skilyrðunum.

Innan vébanda SI eru fjölmörg upplýsingatæknifyrirtæki, bæði stór og smá, sem eru í beinni samkeppni við við RB. Fyrirtækin geta boðið upp á alla þá þjónustu er RB býður upp á. SI hafa fengið þær upplýsingar frá sínum fyrirtækjum að þrátt fyrir framangreind skilyrði SE þá beiti eigendur RB sér á markaði með þeim hætti að fjármálafyrirtæki þurfi ekki að greiða virðisaukaskatt af a.m.k. stórum hluta þeirrar vinnu sem RB innir af hendi, líkt og öðrum upplýsingafyrirtækjum er sannarlega gert að gera. Ljóst er, séu þessar upplýsingar réttar, að þetta skekkir samkeppnisstöðu á upplýsingatæknimarkaði verulega og eigendur RB eru þá jafnframt ekki að virða fyrrnefnd skilyrði SE.

Þá kom skýrt fram í viðtali við forstjóra fyrirtækisins, Friðrik Þór Snorrason, í Viðskiptablaðinu þann 3. mars sl. að fyrirtækið sé með hátt í 40 viðskiptavini og stefni að frekari markaðssókn. Með öðrum orðum, RB er þarna að boða enn frekari samkeppni við önnur fyrirtæki á upplýsingatæknimarkaði. Í samhengi við afkomu fyrirtækisins er rétt að

geta að yfir 25% af veltu RB er fyrir utan eigendahópinn. Samkvæmt fyrrnefndu viðtali við forstjóra fyrirtækisins er fyrir séð að þetta hlutfall muni hækka enn frekar.

Eitt af skilyrðum SE fyrir undanþágunum var að skylda fjármálafyrirtæki sem eru hluthafar í RB að framkvæma ávallt útboð eða verðkönnun þar sem leitað yrði hagstæðustu kjara við kaup á upplýsingatæknipjónustu. SI óskar eftir að SE kanni hvort fjármálafyrirtækin hafi ávallt uppfyllt þetta skilyrði.

Það er í sjálfu sér jákvætt að aðili eins og RB færi út kvíarnar og fari í samkeppni við önnur upplýsingatæknifyrirtæki utan þess sviðs sem það hefur áður starfað á. En það verður að skoðast í samhengi við samkeppnislegar aðstæður á upplýsingatæknimarkaði þegar kemur að þjónustu við fjármálafyrirtæki, þar sem aðrir aðilar en RB geta veitt sömu þjónustu. Það þarf einfaldlega að vera hafið yfir skynsamlegan vafa að meðferð virðisaukaskatts í sölu þjónustu og vöru á umræddum markaði sé á jafnréttisgrunni og að RB njóti í engu fyrri stöðu, samanber áður tilvitnuð skilyrði Samkeppniseftirlitsins.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Almar Guðmundsson,
framkvæmdastjóri